

Fimmtudaginn 25. apríl 1989.

Nr.255/1987. **Guðmunda Gísladóttir og
Jón Gíslason**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Ragnheiði Ólafsdóttur

Ólafi Ágústi Ólafssyni

Ástriði Ólafsdóttur

Arndísi Gísladóttur

Hildi Gísladóttur

Ólafi Gíslasyni

Ólafi Þorsteinssyni

Ágústu Áróru Þorsteinsdóttur

Valdísi Kristjánsdóttur

Guðrúnu Kristjánsdóttur

Steinunni Aagot Kristjánsdóttur og

dánarbúi Steinunnar Jónsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Erfðaskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 31. ágúst s.á. samkvæmt 20. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, sbr. 96. gr. skiptalaga, nr. 3/1878. Kröfur þeirra eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að þau teljist einir og sameiginlegir erfingjar fasteignarinnar nr. 13 við Lindargötu í Reykjavík á grundvelli erfðaskrárviðauka hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur frá 12. maí 1955. Jafnframt krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Steinunn Jónsdóttir lést 14. mars 1988 og hefur dánarbú hennar tekið við aðild máls þessa.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing skiptaráðandans í Reykjavík 20. janúar 1989 þess efnis, að eignir dánarbús Guðmundu Þórunnar Gísladóttur séu, auk fasteignarinnar nr. 13 við Lindargötu og innbús, innstæður sparisjóðsbóka, sem hafi numið 334.945,11 krónum í júnímánuði 1986.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er rakið, að hjónin Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir gerðu sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá 8. september 1930. Þá er rakinn erfðaskrárviðauki sá, sem þau gerðu 12. maí 1955, þar sem þau arfleiddu Gísla Jónsson, systurson Guðmundu Þórunnar, að fasteigninni nr. 13 við Lindargötu að sér báðum látnum.

Með úrskurði Hæstaréttar 10. febrúar sl. var aðilum þessa máls gefinn kostur á að afla gagna, sem varpa kynnu frekara ljósi á arfleiðsluvilja hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur. Skýrslutaka fór fram í skiptarétti Reykjavíkur 6. mars sl., og liggur endurrit hennar fyrir Hæstarétti. Þar kemur fram, að Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður, sem var annar tveggja votta að erfðaskránni 12. maí 1955, man ekki eftir þessari erfðaskrárgerð og telur mjög ólíklegt, að hann hafi sjálfur samið erfðaskrána. Auk Guðmundar komu fyrir skiptarétt til skýrslutöku áfrýjendur máls þessa og móðir þeirra, Hulda Sigurðardóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Lindargötu 21, Reykjavík, sem þekkt hafði Guðmundu Þórunni Gísladóttur um árabil, Steinunn Helgadóttir, sem búið hefur að Lindargötu 13 frá árinu 1951, og stefndu Ástríður Ólafsdóttir og Ólafur Ágúst Ólafsson og Jón Hjaltason, sonur Steinunnar Jónsdóttur.

Af skýrslum framangreindra aðila og vitna er ljóst, að samband Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur og fjölskyldu Gísla Jónssonar hefur verið mjög náðið, þau hafi verið nánast sem ein fjölskylda. Gísli Jónsson og kona hans, Hulda Sigurðardóttir, fluttust á fyrstu hæð hússins Lindargötu 13 árið 1948 með son sinn Jón ársgamlan, og þar fæddist dóttir þeirra, Guðmunda Þórunn, árið 1954. Guðmunda Þórunn yngri fluttist á efri hæðina til nöfnu sinnar, þegar hún var fimm ára, og var þar hjá henni þar til hún varð 18 ára. Hún kallaði hana alltaf „mömmu

uppi“ eða „mömmu á loftinu“. Guðmunda Þórunn eldri var alltaf hjá fjölskyldu Gísla Jónssonar á jólum og páskum og öðrum hátíðum og naut umönnunar þeirra og aðstoðar við heimilishald, eftir að hún varð lasburða. Þá kom einnig fram, að börn áfrýjanda, Jóns, kölluðu Guðmundu Þórunni ætíð ömmu.

Vitnið Brynjólfur Karlsson, sem var samstarfsmaður og vinur Gísla Jónssonar, hefur borið, að Gísli hafi talið sig skuldbundinn til að búa á Lindargötu meðan Guðmunda Þórunn lifði. Hafi Gísli og Hulda, eiginkona hans, verið mjög bundin yfir Guðmundu, ekki síst eftir að hún lærbrotnaði, og hafi þá nánast allt mætt á Huldu.

Vitnið Tryggvi Ólafsson, sem var samstarfsmaður Gísla í áratugi og náinn vinur hans, hefur borið, að Gísli hafi sagt sér, að hann gæti ekki farið af Lindargötunni, vegna þess að hann hefði tekið að sér að sjá um gömlu konuna. Væri hann erfingi að húsinu og gæti hann þess vegna ekki farið frá henni.

Hulda Sigurðardóttir stendur ekki að málsókn þessari, en fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að hún styður kröfur barna sinna.

Guðmunda Þórunn Gísladóttir andaðist 28. mars 1986 og hafði þá dvalist á hjúkrunardeild Hrafnistu frá árinu 1980. Samkvæmt vottorði Sigurðar Jónssonar, læknis Hrafnistu, var henni þegar við komuna þangað „mjög andlega aftur farið og hvorki áttuð (svo) á stað né stund“ og var öll þau ár, sem hún var á Hrafnistu, „alls óhæf til að annast eða taka ákvarðanir í eigin málum“. Gísli Jónsson andaðist 23. maí 1983, og er óumdeilt, að Guðmunda Þórunn var þá orðin andlega ófær um að gera breytingar á erfðaskrá sinni.

Guðmunda Þórunn Gísladóttir arfleiddi áfrýjanda Guðmundu að innbúi sínu árið 1976. Hjónin Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir ráðgerðu á árinu 1954 að arfleiða Barnaspítalaskjóð Hringins að öllum eignum sínum, og var það skráð á skjal það, sem erfðaskrárnar frá 1930 og 1954 eru ritaðar á, en var ekki undirritað. Fólst í því, að lögerfingjar tækju ekki arf eftir þau. Með þetta í huga og með hliðsjón af hinu nána sambandi, sem stofnast hafði milli hjónanna og Gísla Jónssonar og fjölskyldu hans, þykir mega skýra efni erfðaskrárviðaukans frá 12. maí 1955 á þann veg, að þau Engilbert og Guðmunda Þórunn hafi viljað ráðstafa hús-eigninni þannig, að hún rynni ekki til annarra en Gísla Jónssonar og fjölskyldu hans.

Ber því að taka kröfur áfrýjenda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Guðmunda Gísladóttir og Jón Gíslason, skulu teljast einu og sameiginlegir erfingjar að fasteigninni nr. 13 við Lindargötu í Reykjavík á grundvelli erfðaskrárviðauka hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur frá 12. maí 1955.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. desember 1986.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess 13. nóvember 1986.

Sóknaraðilar þess eru Guðmunda Gísladóttir, Sævangi 48, Hafnarfirði, og Jón Gíslason, Rauðagerði 43, Reykjavík. Þau krefjast þess að þau verði talin einir og sameiginlegir erfingjar fasteignarinnar númer 13 við Lindargötu, Reykjavík, á grundvelli erfðaskrárviðauka hjónanna Engilberts Magnússonar og Guðmundu Þórunnar Gísladóttur, dagsetts 12. maí 1955. Sóknaraðilar krefjast einnig málskostnaðar í máli þessu úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðilar málsins eru Ragnheiður Ólafsdóttir, Varmahlíð, Skagafirði, Ólafur Ágúst Ólafsson, Kársnesbraut 107, Kópavogi, Ástríður Ólafsdóttir, Fornhaga 15, Reykjavík, Arndís Gísladóttir, Lindarseli 3, Reykjavík, Hildur Gísladóttir, Seljabraut 38, Reykjavík, Ólafur Gíslason, Álfatúni 17, Kópavogi, Ólafur Þorsteinsson, Hlíðarvegi 51, Kópavogi, Valdís Kristjánsdóttir, Fálkagötu 19, Reykjavík, Guðrún Kristjánsdóttir, Boðagrandu 7, Reykjavík, Steinunn Aagot Kristjánsdóttir, Boðagrandu 7, Reykjavík, Ágústa Áróra Þorsteinsdóttir, Dalsgerði 6D, Akureyri, og Steinunn Jónsdóttir, Bólstaðarhlíð 40, Reykjavík. Varnaraðilar krefjast þess að synjað verði kröfu sóknaraðilanna og viðurkennt að við skipti á dánarbúi Guðmundu Þórunnar Gísladóttur skuli fasteignin Lindargata 13, Reykjavík, koma til

skipta milli lögerfingja samkvæmt lögerfðareglum. Þá gera varnaraðilar óskipt kröfu um að sóknaraðilar greiði þeim in solidum málskostnað í máli þessu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Helstu málavextir eru þeir samkvæmt gögnum málsins að hjónin Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir gerðu með sér erfðaskrá 8. september 1930, þar sem þau arfleiða hvort annað að öllum eignum sínum. Hinn 12. maí 1955 gerðu hjónin viðauka við framangreinda erfðaskrá, en þar segir orðrétt:

„Að okkur báðum látnum skal húseign okkar nr. 13 við Lindargötu renna til Gísla Jónssonar brunavarðar hér í bæ.

Að öðru leyti fer um arf eftir okkur að lögum.“

Engilbert Magnússon andaðist hinn 28. júní 1955 og var Guðmunda, eiginkona hans, einkaerfingi hans.

Erfingi að fasteigninni Lindargötu 13 að báðum látnum, Gísli Jónsson, andaðist 23. maí 1983, og fékk eftirlifandi maki hans, Hulda Sigurðardóttir, leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu búi. Guðmunda Þórunn Gísladóttir andaðist 28. mars 1986.

Uppskrift dánarbúsins fór fram 29. apríl 1986, og kom þá þegar fram sá skilningur sóknaraðila, að þar sem bréferfinginn, Gísli Jónsson, faðir þeirra, væri látinn, litu þau svo á, að þau væru réttmætir erfingjar að fasteigninni Lindargötu 13 í hans stað. Varnaraðilar málsins voru ekki tilbúnir þá þegar til þess að taka afstöðu hvað þetta snerti og var málinu frestað til 28. maí 1986 og svo aftur til 23. júní 1986. Í því réttarhaldi lýstu sóknaraðilar því að þau krefðust þess, að þau tækju þann arf, sem föður sínum var ætlaður í áðurgreindum erfðaskrárviðauka. Þessu mótmæltu aðrir lögerfingjar, þ.e. varnaraðilar máls þessa, og var því ákveðinn rekstur þessa sérstaka máls til úrlausnar um fram kominn ágreining. Var málið þingfest 8. september 1986.

III.

Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því að þau séu réttmætir bréferfingjar í stað látins föður síns, Gísla Jónssonar, og telja að við mat á réttmæti kröfu sinnar þurfi að hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum.

Engilbert og Guðmunda hafi engin börn átt og hafi Gísli Jónsson, systursonur Guðmundu, gengið þeim í sonar stað. Hafi Gísli og eiginkona hans, Hulda Sigurðardóttir, búið í húsi arfleiddenda frá árinu 1949 ásamt fjölskyldu sinni, og búi Hulda, ekkja Gísla, þar enn í dag. Hafi heilsu Engilberts hrakað mjög á árinu 1955 og hafi hann séð fram á að hann myndi falla frá á undan konu sinni. Hafi hann falið Gísla að annast hana eftir

sinn dag og kunngert honum að þau hjónin hefðu arfleitt hann að húsinu Lindargötu 13. Eftir andlát Engilberts hafi Gísli annast allt viðhald húseignarinnar. Nokkrum árum síðar hafi Guðmunda slasast og eftir það verið sjúklingur og í fæði hjá fjölskyldu Gísla til ársins 1980, er hún fór á sjúkrahús. Hafi sóknaraðilinn Guðmunda búið hjá nöfnu sinni, henni til trausts og halds, alveg frá árinu 1960.

Hafi öll sambúðarárin verið mikill samgangur milli fjölskyldnanna og hafi Gísli séð um fjármál Guðmundu og Hulda ásamt sóknaraðilum að Gísla látnum, þar til Guðmunda andaðist. Hafi sóknaraðilum verið ljúft að halda þessari umönnun áfram, enda hafi verið litið á Guðmundu sem eina af fjölskyldunni. Enn fremur hafi þeim þótt sér skylt að gera þetta vegna arfleðslu Gísla að húseigninni Lindargötu 13, og hafi það m.a. verið talið umbun fyrir þetta starf. Hafi Guðmunda heitin ánaðnað sóknaraðilann Guðmundu allt innbú sitt eftir sinn dag, og sýni það, hvern hug Guðmundu bar til niðja Gísla Jónssonar, sem höfðu alist upp með henni sem hennar barnabörn væru.

Sóknaraðilar benda einnig á að við slysið hafi heilsu Guðmundu heitinnar hrakað mjög og einnig andlegri heilsu hennar og hafi hún verið orðin mikill sjúklingur þegar Gísli Jónsson lést. Hafi hún ekki gert sér grein fyrir dvalarstað sínum eða umhverfi og hafi verið algerlega ófær um að gera nokkra löggerninga eða breytingar á erfðaskrá, sem fullvíst megi telja að hún hefði gert eftir andlát Gísla, hefði heilsa hennar leyft. Rökstyðja sóknaraðilar ástand hennar með læknisvottorði, sbr. réttarskjal nr. 5.

Jafnframt benda sóknaraðilar á, að Gísli hafi verið 29 árum yngri en Guðmunda og 46 árum yngri en Engilbert og megi af staðreyndum þessum álykta að eðlilegt hafi verið að arfleifendur hafi ekki gert ráð fyrir þeim möguleika við gerð erfðaskrárvíðaukans, að Gísli myndi látast á undan öðru hvoru þeirra, og með tilliti til þess tilnefnt staðgengil eða staðgengla í stað Gísla. Megi fullvíst telja að hefðu þau eða aðstoðarmaður við gerð víðaukans komið auga á þennan möguleika, hefði verið bætt úr þessu á þann veg að tilnefna sóknaraðila sem erfingja með Gísla og eftir atvikum Huldu Sigurðardóttur. Sé reyndar ekki venja að slíkir vara-aðilar eða staðgenglar séu tilgreindir í erfðaskrá, heldur að erfðaskrár sé breytt við fráföll erfingja. Sóknaraðili telur að í þessu sambandi megi styðjast við 37. gr. erfðalaganna, nr. 8/1962, en 2. málsl. hennar hljóðar svo:

„Nú er leitt í ljós, að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlast og stafi það af misritun eða öðrum mistökum, og skal þá framkvæma ákvæðið í samræmi við það, sem raunverulega vakti fyrir arfleifanda, ef audið er að staðreyna arfleifðsluviljann.“

Hér hafi í raun og veru orðið mistök, sem voru í því fólgin, að ekki voru fleiri aðilar tilnefndir í erfðaskránni. Túlka verði erfðaskrána miðað

við, hver var raunverulegur vilji arfleifanda, og megi í því sambandi ekki binda túlkun einungis við erfðaskrána, heldur verði að líta á kringumstæður og aðstæður hverju sinni.

Sóknaraðilar benda á að arfleifendum hafi að sjálfsögðu verið kunnugt um að þeir ættu lögerfingja. Þeir benda á að ef skoðuð sé erfðaskrá, dagsett 8. september 1930, sbr. réttarskjal nr. 2, óundirritaður og yfirstrikaður viðauki frá árinu 1954 og undirritaður viðauki, dagsettur 12. maí 1955, og enn fremur erfðaskrá, dagsett 2. febrúar 1976, um arfleifslu innbús til sóknaraðilans Guðmundu, komi í ljós að arfleifendur höfðu vilja til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá, þ.e. notfæra sér þá heimild, sem þeir áttu lögum samkvæmt til að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag og með þeim hætti rýra erfðarétt lögerfingjanna. Megi álykta út frá þessu að hefði Guðmunda verið heil heilsu við andlát Gísla, hefði hún gert nýja erfðaskrá þar sem hún hefði arfleitt sóknaraðila, sem voru heimilisfólk hennar og nánustu vinir, að fasteigninni.

Við munnlegan málflutning kom fram af hendi sóknaraðila að í raun og veru mætti líta svo á, að um tvíhliða samkomulag hefði verið að ræða milli Engilberts og Gísla á sínum tíma. Gísli hefði gefið þjónustuloforð, sem hann stóð við alla tíð og fjölskylda hans lét í té að honum látnum, gegn því að hann fengi fasteignina í staðinn. Hafi skyldur þessar, sem lagðar voru á Gísla, ungan manninn, verið honum og fjölskyldu hans fjötur um fót, hafi þau lítið getað ferðast og búið í of litlu húsnæði til þess að geta séð um gömlu konuna. Þau hafi átt stærra og betra húsnæði annars staðar, en dvalist hjá Guðmundu vegna sjúkleika hennar.

Að lokum benda sóknaraðilar á að í íslenskum lögum séu engin ákvæði um það, þegar bréferfingi deyr, hver skuli þá taka arf. Hins vegar sé ákvæði þess efnis að finna í 11. kafla finnska lagabálksins, en þar sé ákvæði þess efnis, að ef bréferfingi andist á undan arfleifanda eða erfðaskrá verði að öðru leyti ekki framkvæmd að því er hann varðar, þá skuli börn hans taka þann arf sem honum hefði borið, enda séu þau arfgeng eftir hann og ekki leiði annað af atvikum. Þetta sé m.a. ástæðan fyrir því að sóknaraðilar máls þessa séu aðeins börn bréferfingjans, en ekki maki hans, auk þess sem hún, þ.e. makinn, vilji, að börn sín hljóti arfinn. Telja sóknaraðilar þess ekki langt að bíða að framngreint ákvæði finnsku laganna verði sett í lög hér á landi. Sé fordæmi fyrir því að norrænni löggjöf hafi verið beitt hér á landi, þegar íslensk lög þryti, sbr. hæstaréttardóm frá árinu 1981, bls. 610.

IV.

Varnaraðilar telja, að arfleifsla falli niður við andlát bréferfingja og að arfur sá, sem hann hefði hlotið, ef hann hefði verið á lífi, falli til lögerfingja

arfleifandans. Varnaraðilar benda á eftirfarandi atriði máli sínu til stuðnings.

Það sé viðtekin kenning í íslenskum rétti og raunar norrænum, að arfleiðsla sé persónuleg, þannig, að arfleiðsla falli niður, ef bréferfingi andast á undan arfleifanda. Komi þetta fram í fræðiritum og hafi verið lagt til grundvallar í dómum. Þýði þetta að því aðeins komi lögerfingjar bréferfingja í stað hans að bein fyrirmæli séu um það í erfðaskránni sjálfri. Í settum lögum nokkurra ríkja, sem nærri okkur standa, hafi verið mælt fyrir um að í vissum tilvikum komi sumir af erfingjum látins bréferfingja í stað hans. Séu slík lagafyrirmæli í sjálfu sér ekki annað en staðfesting á að slík skipan þarfnist beinna lagafyrirmæla.

Varnaraðilar benda og á að niðurstaða í þessu máli hljóti að ráðast beint af framangreindum skýrum lagasjónarmiðum íslensks réttar. Verði niðurstaða aldrei byggð á hugleiðingum hvort líklegt sé eða ólíklegt að Guðmunda Þórunn Gísladóttir hefði viljað að sóknaraðilar kæmu í stað föður síns, Gísla Jónssonar. Það, sem máli skipti, sé, að engin slík fyrirmæli sé að finna í erfðaskránni sjálfri.

Varnaraðilar benda og á að í málinu liggi ekki fyrir neinar sérstakar líkur á að Guðmunda hefði viljað að börn Gísla kæmu í stað hans að honum látnum. Hefði henni og Engilbert verið í lófa lagið að kveða á um þetta í erfðaskránni sjálfri, hefði vilji þeirra staðið til þess. Hafi þeim auðvitað verið ljóst, að Gísli kynni að andast á undan þeim, þótt yngri væri hann að árum. Hafi enginn vafi verið talinn leika á reglum íslensks réttar að þessu leyti og hefðu þau átt auðvelt með að afla sér vitneskju um þær. Megi á það benda að þau hafi líklega við gerð erfðaskrárviðaukans 12. maí 1955 notið aðstoðar hæstaréttarlögmans þess sem vottar undirskriftir þeirra.

Enn fremur benda varnaraðilar á, að Guðmunda heitin hafi átt ágæt og kærleiksrík samskipti við fjölmarga ættingja sína. Sé það ekkert dregið í efa að samskipti hennar við móður sóknaraðila og þá sjálfa hafi verið góð og að þetta fólk hafi reynst henni vel. Hafi það enn fremur notið góðs af því, til dæmis með því að hafa jafnan afnot af íbúð hennar. Af góðum samskiptum verði hins vegar ekki dregnar neinar ályktanir um arfleiðsluvilja, enda væru réttarreglur um erfðaskrár þá óþarfar. Ef leysa ætti mál þetta eftir formála sóknaraðila og talið yrði að arfleiðslan ætti að vera einshvers konar endurgjald fyrir góð samskipti og tilsjón Gísla Jónssonar og fjölskyldu hans, þá væri sjálfsagt eins líklegt að ekkja Gísla, Hulda, ætti að taka arfinn. Kjarni málsins sé sá að ekki sé mögulegt að skipta arfi eftir slíkum hugleiðingum eftir á um arfleiðsluviljann. Komi arfleiðsluvilji ekki fram í erfðaskránni sjálfri með beinum eða óbeinum hætti, hafi hann ekki þýðingu við skipti.

Benda varnaraðilar að lokum á, að vel megi vera, að Guðmunda og eftir atvikum Engilbert hafi beinlínis leitt hugann að því, hvert arfurinn myndi renna, ef svo færi, að Gísli andaðist á undan hinu langlífara þeirra, og megi vel vera að þau hafi í því falli viljað að þá skyldi arfleiðslan falla niður og lögerfingjar taka við. Hafi þetta verið vilji þeirra, var engin ástæða til þess að geta um það sérstaklega í erfðaskránni, enda hafi þau varla mátt búast við því að menn myndu að þeim látnum smíða þeim arfleiðsluvilja sem ekki kæmi fram í erfðaskránni.

V.

Mál þetta snýst um það, hver skuli taka arf í því tilviki, þegar bréferfingi andast á undan arfleifanda og ekkert er tekið fram um það í erfðaskránni, hvernig með arfinn skuli þá fara. Erfðaskrá sú, sem hér er til umfjöllunar, hljóðar svo:

„Við undirrituð hjón, Engilbert Magnússon og Guðmunda Þórunn Gísladóttir, gerum hér með svofelldan viðauka við framanskráða erfðaskrá, er við undirrituðum 8. sept. 1930: Að okkur báðum látnum skal húseign okkar, nr. 13 við Lindargötu, renna til Gísla Jónssonar, brunavarðar hér í bæ. Að öðru leyti fer um arf eftir okkur að lögum.“

Erfðaskrá þessi verður að teljast nokkuð skýr á efni, og er enginn ágreiningur um túlkun efnis hennar, svo langt sem það nær. Ágreiningurinn er um það, hvort við fráföll bréferfingjans komi börn hans eða aðrir niðjar í stað hans eða hvort slík arfleiðsla sé persónubundin og að arfur, sem bréferfingi hefði annars hlotið, renni til lögerfingja hans.

Í íslenskum rétti og dönskum hefur það verið talið gróin fyllingarregla, að arfleiðsla sé persónuleg. Felst í því að andist bréferfingi á undan arfleifanda, taki börn hans og aðrir niðjar bréferfingjans ekki þann hlut, sem bréferfingjanum var ætlaður, og hefur almennt verið talið, að hlutur sá, sem hinn látni bréferfingi á að hljóta, skuli renna til lögerfingja arfláta, sé annars ekki getið. Þetta er þó ekki einhlítt. Þegar skýra á efni erfðaskráa þarf meðal annars að reyna að staðreyna hver hafi verið raunverulegur vilji arfleifanda.

Eins og áður sagði er orðalag erfðaskrárinnar skýrt og enginn ágreiningur um efni hennar, heldur um það hvort arfleifendur í þessu máli hefðu orðað erfðaskrána á annan hátt, hefðu þeir gert sér grein fyrir því, að bréferfinginn myndi andast á undan öðru þeirra. Sóknaraðilar hafa bent á að ekki megi túlka erfðaskrána einungis eftir efni hennar, heldur verði að hafa aðstæður allar og kringumstæður til hliðsjónar.

Það hlýtur að vera athugunarefni að kanna hver hafi verið vilji arfleifenda. Ljóst er að vilji þeirra stóð til að Gísli Jónsson fengi húsið að Lindargötu 13 eftir þeirra dag. Spurningin er hins vegar hvort þau hafi leitt

hugann að því hvert arfurinn myndi fara ef svo kynni að fara að Gísli andaðist á undan öðru þeirra eða báðum. Fólk deyr óháð aldri, svo að ekki er hægt að fallast á þá fullyrðingu sóknaraðila að þar sem arfleifendur hafi verið töluvert eldri en Gísli hafi þau ekki leitt hugann að þeim möguleika að hann kynni að andast á undan þeim.

Ekki verður heldur fallist á þá röksemd sóknaraðila að við gerð erfðaskrárinnar hafi átt sér stað mistök, sbr. 37. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, sem voru í því fólgin að hugsa ekki út í að setja staðgengil eða staðgengla í stað Gísla. Það er alþekkt vandamál við gerð erfðaskráa að fólk gerir sér ekki grein fyrir því hvað tíminn muni bera í skauti sér, enda þess kostur oftast að gera nýja erfðaskrá. Ekki þykja sóknaraðilar málsins hafa sýnt fram á það að hér hafi verið um að ræða mistök af hálfu arfleifanda.

Sú staðreynd, að arfleifendur hafi gert erfðaskrár, fyrst 8. september 1930, aðra, sem aldrei var undirrituð, á árinu 1954, þessa, sem um er deilt í máli þessu, hinn 12. maí 1955 og Guðmunda hina síðustu 2. febrúar 1976, þarf ekki að þýða að með því hafi arfleifendur sýnt það að þau hafi haft vilja til að rýra rétt lögerfingja sinna, og verður ekki heldur af þessu dregin nein ályktun þess efnis að hefði Guðmunda verið heil heilsu við andlát Gísla hefði hún gert aðra erfðaskrá, þar sem hún hefði arfleitt sóknaraðila að fasteigninni. Allt eins mætti halda því fram að hún hefði þá ráðstafað eigninni til einhvers annars, hefði hún verið til þess bær, sbr. áðurnefndan yfirstrikaðan erfðaskárviðauka frá árinu 1954, en samkvæmt honum skyldu eignir arfleifenda að báðum látnum renna til Barnaspítalasjóðs Hringins.

Sú fullyrðing sóknaraðila, að það sýni hug Guðmundu til niðja Gísla Jónssonar, að hún skuli hafa ánaðnað Guðmundu allt innbú sitt með erfðaskrá, þykir ekki eiga við rök að styðjast. Sýnir þessi ráðstöfun hennar einungis, hvern hug hún bar til nöfnu sinnar, Guðmundu, ekki annarra.

Það kann vel að vera rétt, að Engilbert hafi litið svo á, að Gísli bæri að annast um Guðmundu, þar sem hann fengi húseignina í staðinn, og eins kann það vel að vera rétt að Gísli hafi talið sér skylt að annast Guðmundu vegna erfðaskrárinnar. Hins vegar hefur komið fram, að tengsl þessara tveggja fjölskyldna voru mikil og að litið hafi verið á Gísli sem son arfleifenda, konu hans sem tengdadóttur þeirra og börn hans sem barnabörn. Þegar til þess er litið, er ekkert óeðlilegt við það, að þau hafi talið sér skylt að annast um Guðmundu eftir að hún var orðin sjúklingur og átti ekki auðvelt með að sjá um sig sjálf, án tillits til þess, hvort Gísli myndi erfa fasteignina eða ekki. Erfðaskráin var án skilyrða, Gísli skyldi erfa fasteignina. Arfleifendum hefði verið í lófa lagið að tilnefna staðgengla hans, og verður ekki fallist á þá fullyrðingu sóknaraðila að slíkt sé ekki tíðkað. Ef það hefði verið einlægur vilji þeirra að einhverjir aðrir en lögerfingjar sínir fengju íbúðina, var þeim í lófa lagið að gæta þess.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður ekki tekin til greina sú krafa sóknaraðila að þau verði talin einir og sameiginlegir erfingjar fasteignarinnar Lindargötu 13, Reykjavík, og skal fasteignin koma til skipta milli lögerfingja samkvæmt lögerfðareglum.

Þykir eftir atvikum rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu.

Gréta Baldursdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila um, að þau verði talin einir og sameiginlegir erfingjar að fasteigninni Lindargötu 13, Reykjavík, er hafnað, og kemur fasteignin til skipta milli lögerfingja samkvæmt lögerfðareglum. Málskostnaður fellur niður.
